

12

28. jan.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar sjóðsins birtir í Lög-
birtingablaðinu.

8. gr.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigríður Anna Jónsdóttir,
Sjafnargötu 12.

13

29. jan.

REGLUGERÐ

um útgáfu og notkun vegabréfa innanlands.

1. gr.

Allir menn, konur og karlar, 12 ára og eldri, sem búsettir eru í Reykjavík og
Hafnarfirði, eða dvelja þar 2 vikur eða lengur, skulu ávallt bera á sér vegabréf, er
lögreglustjóri gefur út.

Þeir, sem eru 60 ára eða eldri, eru þó undanþegnir ákvæðum þessarar reglu-
gerðar þar til öðruvísi verður ákveðið með auglýsingu.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta
viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir, krafizt þess að vegabréf sé sýnt, ef
tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Í vegabréfi skulu vera þessar upplýsingar um vegabréfshafa:

1. Fullt nafn hans.
2. Staða eða atvinna.
3. Fæðingardagur og ár.
4. Fæðingarstaður.
5. Heimilisfang.
6. Mynd hans.
7. Nafn hans, ritað eigin hendi.

4. gr.

Lögreglustjóri skal halda spjaldskrá um vegabréf, sem gefin verða út. Spjald-
skráin skal geyma allar sömu upplýsingar og vegabréfið um vegabréfshafa, þ. á m.
mynd hans, svo og aðrar upplýsingar, er lögreglustjóri telur nauðsynlegar.

Hver, sem vegabréf skal bera, er skyldur til að gefa sig fram í skrifstofu lög-
reglustjóra til þess að fá vegabréfið afhent. Skal hann þá afhenda 2 myndir af sér,
er lögreglustjóri tekur gildar, til afnota á vegabréfið og spjaldskrána. Hann skal og
gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar við útgáfu vega-
bréfsins og samning spjaldskrárinnar.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt bráðabirgðalögum um notkun vegabréfa innanlands frá 9. desember 1941, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

13

29. jan.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. janúar 1942.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

14

3. febr.

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. október 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Auk færeyskra skipa, sem flytja frystan og ísvarinn fisk til Bretlands, og samkvæmt auglýsingu ráðuneytisins, dags. 19. janúar þ. á., hafa leyfi til að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu á Hornafirði á tímabilinu 15. janúar til 30. apríl þ. á., veitir ráðuneytið íslenskum skipum í sams konar flutningum leyfi til að fá fyrstu afgreiðslu á Hornafirði á sama tímabili.

Samkvæmt nefndri reglugerð hafa íslensku skipin leyfi til síðustu afgreiðslu á Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

Fjármálaráðuneytið, 3. febrúar 1942.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

15

12. febr.

um breyting á reglugerð fyrir Brunabótafélag Íslands, nr. 101 15. október 1932.

1. gr.

Á eftir upptalningu virðingargjalda í 36. gr. reglugerðarinnar, komi ný setning, svo hljóðandi:

Á virðingargjöld þessi skal á hverjum tíma greiða uppbot eftir hinni opinberu verðlagsvísitölu.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1942.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.